

# Fagráð í hrossarækt

## 63. fundur

**Staður og stund:** Bændahöllin v/Hagatorg mánudagur 7. október 2013 kl. 16:00.

**Mættir:** Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Vignir Siggeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Ísleifur Jónasson og Guðný Helga Björnsdóttir. Baldvin Ari Guðlaugsson hafði tilkynnt forföll.

### *Dagskrá*

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 62 frá 1. júlí 2013 til samþykktar og undirritunar
2. Sýningahaldið á árinu 2013
3. Ráðstefnan "Hrossarækt 2013"
4. Tilnefningar til ræktunarmanns/manna ársins 2013
5. Lágmarkseinkunnir fyrir LM 2014 – fyrsta umræða
6. Málþing um kynbótakerfið - framhaldið
7. Önnur mál

#### **1. Fundarsetning.**

Formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð nr. 62 frá 1. júlí til samþykktar og undirritunar, var hún samþykkt samhljóða.

#### **2. Sýningahaldið á árinu 2013.**

Rætt var um sýningahaldið á árinu 2013 og lögð fram gögn með ýmsum upplýsingum þar um. Sýningahaldið út í héruðum var með nokkuð hefðbundnum hætti en sýningar urðu þó nokkuð fleiri en undanfarin ár m.a. var bryddað uppá þeirri nýbreytni að bjóða uppá sýningu í júlí sem að þessu sinni var á Gaddstaðflötum og var þátttaka með ágætum.

Alls voru haldnar tuttugu kynbótasýningar á árinu ef talin eru með þau tvö fjórðungsmót sem haldin voru í Hornafirði og á Kaldármelum, þátttaka á hinum hefðbundnu sýningum var frá 11 hrossum á fyrri Selfoss sýningu að 286 hrossum á héraðssýningu á Gaddstaðflötum. Uppkveðnir dómur voru 1607 (2184). Fjöldi fullnaðardóma var 1354 (1886), dæmd hross á árinu voru 1252 (1590). Ef borin eru saman meðaltöl einkunna síðustu fjórtán ára þá eru á árinu 2013 meðaltölin þau hæstu hvað varðar háls/herðar, tölt, brokk og skeið. Hvað dreifingu einkunna varðar er hún svipuð og undanfarin ár en í þrúðleika og skeiði meiri en meðaltal síðustu fjórtán ára. Hlutfall aðaleinkunna undir 7,50 af heildar dómum var 4,8% (7,0%) sem er það minnsta síðustu tuttugu og fjögur ár og hlutfall aðaleinkunna 8,00 eða hærra var 31,6% (36,5%) sem er með því hæsta síðustu áratugi á ári milli landsmóta. Lögð voru fram gögn um meðaltöl einkunna á einstökum sýningum ársins á Íslandi og svo samburður á meðaltölum einkunna og dreifingu á Íslandi og í öðrum FEIF löndum. Þá var lagt fram yfirliti yfir fjölda dóma í FEIF löndunum 2004 – 2013.

Aldursskipting sýndra hrossa þetta árið var á þann veg að 34,3% (45,9%) var fjögurra- og fimmvetra sem er nokkru lægra hlutfall en undanfarin ár.

Merkt var við eistnagalla hjá 10 (14) stóðhestum á árinu. Dreift var yfirliti yfir dómafjölda hjá einstaka dómurum á árinu og reyndust þeir vera frá 96 til 734.

Lagðir voru fram margvíslegir listar varðandi áverkaskráningar. Áverkar voru skráðir hjá 322 hrossum úr braut sem er 23,8% (21,5%) en var á einstaka sýningum frá 0,0% til 40,9%. Áverkar af stigi B þar sem dómur féll niður urðu 13 (12). Alls voru það 33

(44) knapar sem sýndu 10 eða fleiri sýningar á árinu, samantekt sýndi hvernig þeir knapar komu út hvað áverka varðar. Fjórir knapar skáru sig úr hvað fáa áverka varðaði þau Leó Geir Arnarson og Olil Amble með enga áverka og Bylgja Gauksdóttir 6,7% og Gísli Gíslason 9,1%. Þá var lagður fram listi yfir knapa sem eiga þrjár eða fleiri sýningar á áverkalistum og sýna tíu eða fleiri sýningar, áverkar hjá þeim knöpum voru frá því að vera í 15,8% sýninga uppí að vera í 91,7% sýninga viðkomandi knapa. Alls eru það 14 (11) knapar að þessu sinni sem eru með 25,0% eða meira af sínum sýningum á áverkaskrá. Þá var lagður fram listi yfir stóðhesta sem eiga 20% eða meira sýndra afkvæma á ágripaskrá. Að lokum voru skoðaðar nokkrar myndir af áverkum frá sumrinu.

Fagráð telur tíðni áverka enn óásættanlega og nauðsynlegt sé að vanda enn betur til verka hvað þetta atriði sýningarhaldsins varðar. Nauðsynlegt er m.a. að samræma betur áverka mat við dýralækna en nokkur tilvik komu upp á árinu þar sem dýralæknar snéru við mati sýningarstjóra um alvarleika áverka. Ákveðið var að birta listann yfir þá fjóra knapa sem hvað best koma út og á sama hátt og undanfarin ár verði send bréf til þeirra sem miður standa sig á þessum vettvangi. Sérstaklega verði saminn texti til þeirra sem hafa verið á þessum óæskilega lista ár eftir ár.

### **3. Ráðstefnan ”Hrossarækt 2013”.**

Hin árlega ræktunarráðstefna verður laugardaginn 16. nóvember í Sunnusal Hótel Sögu. Eftirfarandi frumdrög að dagskrá voru samþykkt:

Ráðstefnustjóri: Víkingur Gunnarsson

13:00 Setning - Kristinn Guðnason formaður Fagráðs í hrossarækt

13:05 Hrossaræktarárið 2013 – Niðurstöður kynbótamats

Guðlaugur V. Antonsson, hrossaræktarráðunautur RML

13:30 Heiðursverðlaunahryssur með afkvæmum 2013

14:00 Verðlaun, hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)

14:05 Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)

14:10 Erindi:

14:50 Tilnefningar og verðlaun fyrir ræktunarmann/menn ársins 2013

15:05 Kaffihlé

15:35 Umræður um ræktunarmál almennt

17:00 Ráðstefnuslit

Ákveðið var að athuga hvort hægt væri að fá Rúnar Þór Guðbrandsson til að flytja erindi um markaðsmál. Áhersla Rúnars verði á aðferðafræði markaðsfræðinnar út frá hans menntun og reynslu af reiðtygjasölu.

Nú var ákveðið að fresta fundi til þriðjudags.

Fundi framhaldið kl. 9:30 þriðjudaginn 8. október.

### **4. Tilnefningar til ræktunarmanns/manna ársins 2013.**

Lagt var fram yfirlit yfir árangur hjá 41 ræktunarbúi á árinu sem öll stóðust lágmarksskilyrði til skoðunar varðandi ræktunarbú ársins. Ákveðið var að tilnefna að þessu sinni tíu bú. Í stafrófsröð eru þau:

- 1 Auðsholtshjáleiga, Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og börn.
- 2 Árbæjarhjáleiga, Kristinn Guðnason, Marjolin Tiepen og dætur.

- 3 Einhamar, Hjörleifur Jónsson og Sif Ólafsdóttir.
- 4 Hlemmiskeið 3, Árni Svavarsson og Inga Birna Ingólfssdóttir.
- 5 Hrísdalur, Gunnar Sturluson og Guðrún Margrét Baldursdóttir.
- 6 Jaðar, Agnar Róbertsson og Kristbjörg Kristinsdóttir.
- 7 Lambanes, Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius.
- 8 Miðás, Gísli Sveinsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir.
- 9 Syðri-Gegnishólar, Olil Amble og Bergur Jónsson.
- 10 Torfunes, Baldvin Kristinn Baldvinsson.

Sigurvegarnir árið 2013 voru valin Gunnar Arnarson, Kristbjörg Eyvindsdóttir og börn í Auðsholtshjáleigu.

### 5. Lágmarkseinkunnir fyrir LM 2014 – fyrsta umræða.

Lagður var fram listi sem sýndi fjölda einstaklingsdæmdra kynbótahrossa á landsmótum frá árinu 2008 ásamt þeim lágörkum sem gilt hafa. Þá voru lagðir fram útreikningar með áætluðum fjölda hross á LM út frá mismunandi forsendum. Einnig var rætt hvort leggja ætti til önnur lágörk fyrir klárhross heldur en alhliðahross. Eftirfarandi niðurstaða var samþykkt; að hækka lágörk á fjöggra og fimmvetra hrossum um fimm kommur frá síðasta móti og hafa lágörk fyrir klárhross tíu stigum lægri í öllum flokkum:

#### Alhliðahross:

Stóðhestar 7 vetra og eldri	8,35
Stóðhestar 6 vetra	8,30
Stóðhestar 5 vetra	8,20
Stóðhestar 4 vetra	8,05

Hryssur 7 vetra og eldri	8,25
Hryssur 6 vetra	8,20
Hryssur 5 vetra	8,10
Hryssur 4 vetra	7,95

#### Klárhross:

Stóðhestar 7 vetra og eldri	8,25
Stóðhestar 6 vetra	8,20
Stóðhestar 5 vetra	8,10
Stóðhestar 4 vetra	7,95

Hryssur 7 vetra og eldri	8,15
Hryssur 6 vetra	8,10
Hryssur 5 vetra	8,00
Hryssur 4 vetra	7,85

Þessi leið verði kynnt á haustfundum Félags hrossabænda og fagráðs en endanleg niðurstaða ákveðin á desemberfundi fagráðs.

### 6. Málþing um kynbótakerfið – framhaldið.

Í framhaldi af málþingi sem fagráð og LbhÍ boðuðu til á Hvanneyri þann 6. september síðastliðinn hafði fagráð boðað forsvarsmenn þeirra sex vinnuhópa sem starfað höfðu á þinginu til fundar við sig. Á fundinum var farið í gegnum þá punkta sem skráðir höfðu verið niður í hverjum hópi og leitað nánari skýringa og útfærslu á hugmyndum sem þar eru settar fram. Að þessum fundi loknum mættu til fundar við fagráð Ágúst Sigurðsson, Elsa Albertsdóttir og Þorvaldur Kristjánsson með þeim var farið yfir ýmis mál varðandi kynbótamat og kynbótakerfið í heild sinni. Áfram verður unnið að þróun kynbótamatsins nú í vetur s.s. að kanna með hvaða hætti þekking á gangráðnum nýtist best við útreikninga. Einnig möguleika á notkun keppnisupplýsinga og mætingareiginleikans auk nákvæmari leiðréttingar á áhrifum sýningarlands og einstakra sýninga.

Mörg mál bæði stærri og minni komu til umræðu á málþinginu. Þó vissulega hafi skoðanir verið skiptar í mörgum þeirra voru nokkur sem standa uppúr þar sem samhljómur var greinilegur. Þar ber helst að nefna gerð heildstæðra framkvæmda- og

siðareglna varðandi kynbótasýningar, þróun aðferða til betra mats á eiginleikanum vilja og geðslagi, endurskoðun skilgreininga og lýsinga í dómskvarða og aðgerðir til að auka samræmi í dómum milli landa og sýninga. Ákveðið var að setja þessi mál öll í verkferli.

#### **7. Önnur mál.**

- a) Elías Blöndal lögfræðingur BÍ., mætti til fundarins og lagði fram og fór yfir vinnureglur, skyldur og samþykktir hvað varðar fagråd í búfjárrækt.
- b) Lögð var fram ályktun í máli nr. 12 frá búnaðarþingi 2013 um rekstur kynbótastarfsins. Nokkrar umræður urðu í fagráði um málið en engin bókun gerð að sinni.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundu slitið kl. 12:30.

---

Guðlaugur V. Antonsson  
ritari fagráðs í hrossarækt.